



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 133/886
komudagur 12.2.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. febrúar 2007

Efni: umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál, heildarlög.

Samorka lýsir stuðningi við frumvarpið og þau markmið þess að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins, að gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru þess og sögu og að almenningi verði auðveldað aðgengi að svæðinu.

Samorka vill þó taka nokkur atriði fram varðandi frumvarpið:

- Í frumvarpinu er að mestu fjallað um væntanlegan þjóðgarð sem færi þar ósnortið land með öllu. Þó er ljóst að á stórum svæðum innan væntanlegs þjóðgarðs hefur átt sér stað mikil jarðvegseyðing í gegnum tíðina. Af þeim sökum telur Samorka eðlilegt að þess sé getið sérstaklega í frumvarpinu, og þá væntanlega í 14. grein, að heimilt sé að stofna til verkefna í því skyni að endurheimta landgæði. Eins og greinin hljómar nú er eingöngu fjallað um framkvæmdir sem „*miða að því að verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.*“ Þarna væri eðlilegt að bæta við endurheimt landgæða.
- Í 12. grein um verndaráætlun er meðal annars fjallað um að almenningi og hagsmunaaðilum sé gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga að verndaráætlun er send ráðherra. Hagsmunaaðilar eru hins vegar ekki skilgreindir í greininni né í athugasemdum við hana. Samorka leggur áherslu á að orkufyrirtæki sem eru með eignir og/eða rekstur í nágrenni við svæðið hljóta að teljast til hagsmunaaðila í þessu sambandi. Að ósekju mætti láta þess getið í frumvarpinu.
- Loks skal hér bent á að skv. 18. grein er þjóðgarðsverði heimilt að „*loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust... eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár.*“ Samorka telur að eðlilegra væri að við slíkar aðstæður færu yfirvöld almannavarna með slíkt ákvörðunarvald.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku sem eiga beinna hagsmuna að gæta á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri